



8. stjórnarfundur LH 20. mars 2017 kl. 20:00 – símafundur

Mættir úr aðalstjórn: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Haukur Baldvinsson, Andrea M. Þorvaldsdóttir og Helga B. Helgadóttir, ritari.

Mættir úr varastjórn: Sóley Margeirsdóttir, S. Rúnar Bragason og Stefán G. Ármannsson.

Fjarverandi: Eyþór Jón Gíslason, Ólafur Þórisson úr aðalstjórn, Ingimar Ingimarsson og Magnús Benediktsson úr varastjórn.

1. Landsliðsnefndarfundur

Mjög góður fundur var haldinn í Sprettsköllinni, þar sem lykill landsliðsins var kynntur, ásamt styrktaraðilum. Nefndin er að vinna lista yfir boðsgesti. Í framhaldi þarf að senda út boð og fá staðfestingu.

2. Staðan á Sportfeng - Þessum lið frestað þar sem Eyþór var fjarverandi

3. Fundarferð LH með FHB

Vel heppnaðir og málefnalegir fundir, fundarferðinni er nú lokið.

4. FM á Vesturlandi

LÁH fundaði með undirbúningsnefnd Fjórðungsmóts Vesturlands. Undirbúningur gengur vel og búið að ráða framkvæmdarstjóra.

5. Starfsmannamál

HBH með málið í vinnslu. Búið að fá hluta af starfsgreiningunum og verkefnið klárast vonandi í næstu viku.

6. NIF

AMP hefur fundað með NIF nefndinni sem nú heitir NIHC, snúið uppá ensku.

7. Vorfundur (Stefán)

Ákveðið að fara á Skógarhóla 17.júní helgina. Stefán, Jóna og Helga undirbúa.

8. Önnur mál

- Fundarferð Æskulýðsnefndar, vel heppnaðir fundir hingað til. Búið að fara á 4 staði og 2 eftir. Töluverðar umræður um menntakerfi LH, knapamerki og kennslu almennt. Ákveðið að fá menntanefnd LH á næsta stjórnarfund.
- Vígsla reiðhallar í Stykkishólmi. JDB og HBH fóru f.h. LH og færðu gjöf í tilefni dagsins.
- Tímatökubúnaður LH. Búnaðurinn er í eigu LH en umsjón Jóhanns Valdimarssonar. Athuga þarf hvernig greiðslum er háttað í þessu sambandi.
- Fjarfundarbúnaðurinn virkar ekki nógu vel. Ekki allir fundarmenn sem komust inn, eða sáust. Athuga þarf málið.

Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið kl. 21.30
Fundargerð ritaði Sóley Margeirsdóttir og Helga B. Helgadóttir